


Lífeislar

TÍMARIT UM LÍFSAMBÖND VID ADRAR STJÖRNUR

35. TBL. 7. ÁRG. NÓV. 1981



Milli góðra lesenda munu vakna hollir straumar, sem greiða munu fyrir sambandi þeirra við góða staði.

Helgi Pjeturss.

Stjarnan okkar og aðrar stjörnur

(Sjá forsíðumynd)

Myndin sýnir nokkur af þeim stjörnumerkjum, sem blasa við augum okkar á hverju heiðskíru kvöldi.

Ganga gullfött
um götur bláar
og læðast léttfætt
ljósin uppsala.
Varast smástjörnur
að vekja sofandi
foldina fögru
faðmi nætur í.

Svo kvað Jónas Hallgrímsson (reyndar þýðing á kvæði eftir Heine), og hafa víst fáir kveðið svo hugljúfan óð um fugurð himins-ins. Jónas þýddi á íslenzku stjörnufræði, sem mun vera sú fyrsta bók, sem komið hefur út á íslenzku um það efni. Mjög hefur stjörnufræðilegum athugunum fleygt fram, síðan á hans dögum. Menn vita nú allmikið um alheim þann sem við búum í. Við vitum nú að sól okkar og jörð er á himni í stjarnfræðilegum skilningi ekki síður en stjörnur þær, sem við sjáum bлиka á himinhvelfungunni.

En of fáir horfa til stjarnanna og hugsa til stjarnanna. Og enn færri gera sér grein fyrir mikilleika þessa mikla heims, eða mikilleika þess máttar, sem að baki hlýtur að búa, alheimsmættinum óendenanlega, sem allri sköpun veldur og sem leitast við að beina allri þróun í átt til meiri fugurðar og meiri fullkomnumar.

Jörð okkar svífur um geiminn, rétt eins og aðrar stjörnur. Við menn erum þegar á himni, ekki síður en allir aðrir íbúar stjarnanna. En hvert ber okkur á þessari geimferð okkar? Er lífneri okkar og innræti þannig, að við stefnum til réttar áttar eða erum við á rangri leið? Margt bendir til, að við höfum ekki valið réttu leiðina, og að okkur muni reka í ógöngur, ef svo heldur fram sem horfir. Stefnbreyting er því hin mesta nauðsyn.

*Ingvar Agnarsson
(Mbl. 23/11 1980).*

Erindi og greinar

LÍFERNISFRÆÐI DR. HELGA PJETURSS

„Án þess sannleika, sem hægt sé að byggja á nægilega fullkomna lífernisfræði getur öld hins óbrigðula friðar ekki hafist á jörðu vorri.

Sannýall 1943, bls. 122.

I.

Kenning dr. Helga Pjeturss um lífsambönd í alheimi spannar yfir, svo að segja, öll svíð mannlegs lífs og *Lífernisfræði* er þar veigamikill þáttur. En hún er m. a. fólgin í því að skilja á náttúrufræðilegan hátt, lögmál orsaka og afleiðinga og hvernig öll hegðun og hugsun hvers einstaklings hefur áhrif á alla framtíð hans og jafnframt á samtíð og framtíð þess samfélags, sem hann lifir í.

Lífernisfræði dr. Helga Pjeturss er byggð á þeim alheimslögumálum um lífsambönd og fjargeislan, sem hann fyrstur manna hefur skilið á vísindalegan hátt.

Hver minnsta efnisögn leitast við að hafa áhrif á allar aðrar efnisagnir með aðdráttaraflí sínu. Sólin sendir geislaorku sína í allar áttir og leitast við að setja sinn snúð á jörð okkar með því að hita yfirborð hennar, svo að hún verður byggileg lifandi verum.

Á öðrum stöðum í alheimi eru sólhverfi með jarðstjörnum, sem fóstrað geta líf í líkingu við það, sem við þekkjum á okkar jörð. Frá lífheimum annarra hnatta, streymir lífgeislan, sem hefur áhrif á allt líf jarðar okkar.

Ljósgeisli fer um geimin með 300 þúsund kílómetra hraða á sekúndu hverri, en þrátt fyrir þennan mikla hraða, tekur það hann mörg ár að komast milli nálægra sólstjarna og milljónir ára að komast milli vetrarbrauta.

Öðru máli gegnir um lífgeislann, sem hver lifandi vera sendir

frá sér. Svo hraðfara mun hann vera, að hann fer allar fjarlægðir alheimsins á örskotsstund. Fjarlægðir geimsins verða honum því engin hindrun. Hið lifandi efni hefur hafist á svo miklu herra stig, en hið líflausa, að slík hraðgeislun getur átt sér stað.

Hinar tvær stefnur.

Líf í alheimi mun hafa þróast til tveggja átta. Önnur er stefna vaxandi vits og fegurðar og máttar, *lifstefnan*. Peirri stefnu mun fylgja langmestur meirihluti alls lífs í alheimi, þótt lítið verði um það vitað með vissu. Hin stefnan er stefna vaxandi þjáninga, ljót-leika og spillingar, *helstefnan*, og hefur sú stefna sett mark sitt um of á líf jarðar okkar. Hefur hið illa ástand hér farið svo ört vaxandi á síðustu tímum, að segja má að komið sé að glötunarbarmi ef ekki verður að gert og það án tafar. Og hvað má helst til bjargar verða? Ekkert annað en stórum bætt sambönd við lengra komna lifendur á öðrum hnöttum.

II.

Telja má víst, að líf í alheimi sé á öllum hugsanlegum stigum þroska og innrætis, allt frá verstu stigum vítis á sumum framlífs-hnöttum, þar sem ræður eindregin helstefna og til hinna alsamstilltu, guðlegu lífstöðva þar sem eindregin lífstefna ríkir, þaðan sem streymir óaflátanlega sú lífsorka, sem öllu lífi í alheimi er ómissandi. Til munu vera svo alsamstilltar lífstöðvar, að jafnvel í heilum vetrarbrautum, sé ekkert til sem kalla mætti ófullkomið. Hinar fjarlægu vetrarbrautir, sem kallaðar eru *Kvasarar* og haga sér svo undarlega, að stjörnufraeðingar álita, að þar séu brotin öll þekkt, eðlisfræðileg lögmál, munu vera þess eðlis, að allt líf sé þar guðlegt og að það hafi þar algjör yfirráð yfir öllu efni og yfir öllum möguleikum tilverunnar. Í slíkum vetrarbrautum mun vera himnaríki, æðra öllu því, er nokkur trúarbrögð eða nokkur maður hefur enn getað látið sér til hugar koma. Millistigin milli þessara fjarskyldu marka eru óteljandi, og munu frumlífsjarðir flestar vera neðarlega í þessum flokki stiga eða í þessari skilgreiningu. Jörð okkar er ein í þessum flokki.

Við upphaf lífs á jörðu okkar voru horfur ekki sem verstar. Einfrumungarnir, sem þá lifðu í heitum höfum jarðarinnar, lifðu syndlausu lífi, ef svo mætti kalla. Peir lifðu á vatni og lofti eingöngu, og svo auðvitað á hinni aðsendu líforku, frá æðri lífheildum annarra hnatta, sem hafði hafið hīð líflausa efni hér til lífs, og miðaði að því að þróa það fram til æ meiri fjölbreytni, fegurðar og samstillingar.

En áhrif frá öðrum lífverum á öðrum hnöttum, þar sem illa stefndi, fóru fyrr en skyldi að gera vart við sig. Hér kom fram spilli-líf. Sumar lífverur jarðar okkar tóku að notfæra sér aðrar lífverur sjálfum sér til viðurværис. Þetta varð fyrsta upphaf helstefnunnar á okkar jörð, sem svo hefur haldið áfram, öðrum þræði, allt fram á okkar daga, og raunar færst í aukana, eftir því sem lengra hefur liðið, og lífegundir hafa eflst. Og mest þó frá upphafi mannsins og því meir sem vit hans hefur vaxið, og hann hefur lært betur að hagnýta sér gæði jarðar, og eftir því sem tæknipróun hefur komist á hærri stig, á síðustu tínum.

Maðurinn hefur, með tæknikunnáttu sinni, lagt megináherslu á að notfæra sér auðlindir jarðar á skefjalausan hátt og beitt kúgun og grimmd við meðbræður sína (og raunar við allt líf jarðarinnar) á miklu stórfelldari hátt, en hann áður átti kost á. Því innræti mannsins hefur ekki breytzt til batnaðar, og mun heldur vera á hinn veginn. Um það vitna hin mörgu illvirkí, sem nú eru daglega unnin, og alltaf virðast fara vaxandi.

III.

Lífernissstefna mannkynsins þarf að breytast. Innræti manna þarf að batna. Hið illa innræti þarf að víkja fyrir góðvild og hjálpfýsi. En hér er við ramman reip að draga. Ég hef minnst á frumorsök hinnar illu stefnu, en hún er sú, að of mikilla áhrifa gætir hingað frá helstefnumannkynjum annarra hnatta, og þau áhrif virðast færast mjög í aukana.

Pað verður því að vindu bráðan bug að því, að snúið verði frá hinni illu stefnu, sem hér hefur ríkt svo lengi. Dr. Helgi Pjeturss hefur bent okkar á leiðina, sem fara þarf, til að komast úr þeim ógöngum sem mannkyn okkar er komið í. (Lesið Nýalsbækur hans, og þau náttúrufræðilegu rök, sem hann styður kenningar sínar með).

Nýja lífernissstefnu verður að taka upp, stefnu góðvildar, skilnings og umburðarlyndis. En til þess að slíkt sé unnt, verður að skilja, að lífsambönd eiga sér stað, og að við jarðarbúar getum notið mögnunar og lífsfyllingar frá æðri lífstöðvum, annarsstaðar í heimi, frá háþróuðum vitverum, sem mjög óska eftir að veita okkur hjálp. En þær geta ekki komið hjálpinni fram, nema við getum tekið á móti henni, en til þess verðum við að vita, hvaðan hennar er að vænta.

Við verðum að gera okkur ljóst að allt líf er í hinum efnislega heimi, og honum tengt. Á stjörnum alheimsins er allt líf, bæði hið

illa og ófullkomna og hið æðra, guðlega líf, sem allt hið góða stafar frá, sem geislar sér til alls sem lifir, og reynir að laða það til sín og gera það sér líkt.

IV.

Ég hef hér að framan minnst á hinum tvær stefnur verðandinnar, sem í alheimi ríkja, og hver áhrif þær hafa á allt líf jarðar okkar, og á lífernir hvers einstaklings. Framtíð jarðarbúa veltur því mjög á því hvorri stefnunni verður fylgt, og hvaða áhrif ná hér yfirtökum.

Framtíð hvers einstaklings veltur og mjög á þeim lífsamböndum, er hann verður aðnjótandi í lífi sínu hér. Lífgeislan stafar af hverri lífveru. Um alla ævi mannsins stafar af honum geislan, og safnast saman eða beinist til afslvæðis, sem honum er skylt á öðrum hnetti og gagnkvæmt. Frá þessu sama afslvæði á öðrum hnetti streyma lífgeislar til hans og hafa áhrif á allt líf hans, hugsun og innræti. Sé hann í sambandi við illar verur á afslvæði annars hnattar, þar sem helstefna ríkir, spillir þetta samband mjög allri hugsun hans og öllu innræti. Vel má hugsa sér, að ýmis illmenni séu einmitt í sambandi við slíka staði, þar sem hinir verstu skemmta sér við að kvelja aðra, og jafnvel lifa á því að soga til sín líforku þeirra. Pellar illmenni deyr burt héðan af jörð er ekkert líklegra en að hann líði fram til slíks staðar, sem nú var á minnst og verði þar að taka út á sjálbum sér eða gjalda þeirra illvirkja, er hann hefur hér unnið, unz jafnvægi er náð, og hugarfarsbreyting hefur orðið, svo að hann geti farið að sækja á hina torsóttu leið, frá víti til æðri líf-stöðva. En þangað mun leið allra liggja að lokum, með hjálp hinna lengra komnu. Því geislan mannsins, sem stafar frá honum um alla æfi hans, og nú losnar að fullu við andlátíð, hverfur til þess afslvæðis sem honum er skylt og skapar sér þar nýjan líkama, jafn efnislegan og þann, er hann skildi við hér. Þetta er náttúrufræðilegt alheims-lögmál, og er eitt af lögmálum orsaka og afleiðinga. Enginn mun komast framhjá þessu lögmáli. Hver einn hlýtur að taka afleiðingum gerða sinna. Peir, sem hafa skapað sér þá framtíð, sem hér var minnst á, munu eiga erfiða leið framundan. En þeir munu þó að lokum skilja orsakir þess, að svona hefur farið fyrir þeim, og þeir munu fá löngun til að breyta um stefnu og snúa frá myrkri til ljóss. Og lengra komnar, kærleiksríkar verur munu veita þeim alla þá hjálp, sem unnt er. Því miður mun vera allt of mikill innflutningur fólks frá jörð okkar til slíkra staða, í vítum annarra hnatta.

Pað er því hin mesta þörf á, að koma í veg fyrir slíka flutninga héðan, svo enginn þurfi að koma fram eftir andlát sitt hér, nema þar sem vel stefnir, og þar sem góðvild og kærleikur ríkir.

Sem flestir þurfa því að vita um samband lífsins í alheimi og skilja, að það er undirstaða þess, að menn læri hér að lifa rétt og hugsa rétt, skilja að samtíð og framtíð þeirra sjálfrá, er komin undir breytni þeirra og innræti.

Margt er það í kristnum fræðum, sem bendir á rétta leið í lífernissfræði t. d. þetta: „Pað sem þér viljið að aðrir menn gjöri yður, það skuluð þér og þeim gjöra.“ Ef þessi gullvæga regla hefði verið upp tekin, og breytt eftir henni, mundi allt ástand jarðarbúa vera annað nú, en raun ber vitni.

Segja má með sönnu, að ekki hefur legið nógu ljóst fyrir mönnum, hvers vegna ekki má koma illa fram við náunga sinn. Menn hafa haldið, að það kæmi aldrei niður á þeim sjálfum. Pað hefur verið þeim fjarlæg hugsun m. a. af því að þeir hafa verið haldnir sterkum áhrifum frá illmennum, sem heima eiga í vítum annarra hnatta.

Engin sönn lífernissfræði var til að styðjast við, þar til dr. Helgi Pjeturss kom fram með kenningu sína, sem gerir þessi mál öll svo ljós, að hver sem kynnist henni, hlýtur að gera sér ljósa ábyrgð sína, í samskiptum við aðra menn, og jafnframt hvaða framtíð hann býr sjálfum sér, til ills eða góðs, með framkomu sinni og breytni við menn og dýr.

Ég held, að ef menn almennt gerðu sér ljósar náttúrufræðilegar (orsakir og) afleiðingar breytni sinnar, illrar eða góðrar, þá væri það spor í rétta átt. Að átta sig á því mikilvæga atriði hlýtur að vera fyrsta skrefið til slíkrar breytni.

Í framlífi verður mönnum ljóst, hverjar orsakir liggja til farseldar þeirra eða ófarseldar, eftir að komið er á annan hnött. Eftir að menn komast á framfaraleið, munu lengra komnir hjálpendur leiðbeina þeim á ýmsa lund og kenna þeim að rifja upp ýmis atvik úr frumlífi sínu, og setja þau í samband við ýmislegt, er þeir verða að reyna í framlífi.

V.

Í ýmsum framlífssögum er skýrt frá því, á hvern hátt menn verða að gjalda breytni sinnar hér. Vil ég í því sambandi nefna bókina: *Dagbók að bandan*, eftir J. Sheerwood (útgéfin á íslenzku 1969). Er hún byggð á ósjálfráðri skrift, og segir frá framlífi hershöfðingja

nokkurs að nafni T. E. Lawrence. Mun þar vera hinn svokallaði Arabíu-Lawrence, sem mjög kom við sögu í heimsstyrjöldinni fyrri og á næstu árunum þar á eftir er Englendingar voru að treysta ítök sín í löndunum við austanvert Miðjarðarhaf. Var hann talinn dugandi hershöfðingi, og hefur vafalaust verið álitinn sannur Englendingur, og einn af þörfustu sonum þess lands. Lawrence dó af slysförum árið 1935. Til er bók eftir hann í íslenzkri þýðingu sem heitir „Uppreisnin í eyðimörkinni“ og kom út árið 1940.

Eftir því sem fram kemur í byrjun bókarinnar *Dagbók að bandan*, hefur dauða hans borið óvænt að höndum, og kemur hann nú fram á mjög dimmum og ömurlegum stað. Reikar hann lengi, svo nema mundi mörgum vikum, um eyðilegt landsvæði, aleinn í dimmunni án þess að sjá nokkurn mann. Borg sér hann álengdar, en honum stendur stuggur af henni og hann forðast hana í lengstu lög. Að lokum er eins og hann sé dreginn til borgarinnar af einhverju afli, sem hann á erfitt með að gera sér grein fyrir. Allt er þarna með ömurlegum svip og fólkvið er óvinsamlegt og kuldalegt í viðmót, en flestir þó afskiptalausir. Hann gengur um borgina og kemst að raun um að þetta er smáborg, og er þar allt svo jarðneskt og hversdagslegt, að alveg eins hefði getað verið um að ræða eitthvert enskt þorp, ef ekki hefði verið þessi dimma grámóða, sem lá yfir öllu.

Honum finnst nokkuð einkennilegt hversu allt er áþreifanlegt. Orðrétt segir hann: „Ég fann að líkami minn var gerður af holdi og blóði. Furðulegt“ . . . „Ég gekk framhjá röðum lítilla lágkúrulegra húsa og búða, meira að segja framhjá venjulegri smákirkju, og reikaði inn í miðhlutann, sem rétt eins og hefði getað verið í hvaða enskri markaðsborg sem var. Parna var fólk að fara til vinnu sinnar.“ . . . „Harðneskjulegar konur með gjallandi, óþýðar raddir, og karlmenn með ruddafenginn og illskulegan svip komu út úr húsunum“ . . . „Snöggur ótti gagntók mig og því meir sem einmannenndin og hræðslan óx, þeim mun geigvænlegra sýndist umhverfið. Mín eina hugsun nú var að gera mér grein fyrir staðnum, og ekki hafði ég fyrr tekið þá ákvörðun en fætur mínrí báru mig hratt aftur út í yzta hverfi bæjarins og burtu fá hinum ömurlega stað.“

Pegar hann er kominn út úr bænum sest hann niður og reynir að gera sér grein fyrir þessu undarlega ástandi sínu, því enn hefur það ekki runnið upp fyrir honum að hann sé dáinn, og liðinn fram til annarrar jarðar. Hafði það og verið skoðun hans í lífinu að öllu væri lokið með dauðanum.

Er hann nú situr þarna fer hann að hafa undarlegt veður af ein-

hverjum við hlið sér, enda þótt hann gæti engan séð. Þó fann hann á sér að þessi vera var honum vinsamleg. Og brátt heyrði hann rödd er sagði: „Parfnastu hjálpar?“ „Vissulega“, svaraði Lawrence. Hinn nýi vinur sagði: „Pú ert kominn á afar ömurlegan stað, og þar eð ég sé að þú átt ekki heima hér, vildi ég gjarnan hjálpa“.

Síðar segir orðrétt: „Meðan hann var að tala, sá ég, að ljós hafði breiðzt út umhverfis okkur, og ég brosti glaður við fyrstu birtunni í þessari skuggalegu Hades“.

Hinn nýi vinur hans sagði honum nú að hann héti Mitchell, og væri hans hlutverk að hjálpa og leiðbeina þeim, sem væru nýkomnir. Hann bauðst til að fylgja Lawrence á hressingarhæli þar sem hann gæti notið ummönnumnar, og allt yrði fyrir hann gert. Kvaðst Mitchell starfa á þessu hæli.

Lawrence gengur nú lengi og fylgir birtunni, sem var umhverfis þennan nýja vin hans. Birtan virtist vaxa því lengur sem leið, og loks gat hann séð leiðsögumanninn. „Hann var hár og dökkr yfirlitum með djúpstæð, vingjarnleg augu. Frá honum streymdu hlýir ljósgeislar, sem umvöfðu mig og veittu mér huggun“, segir Lawrence.

Svo er að sjá, sem Mitchell hafi ekki átt heima í þessu umhverfi, heldur einhversstaðar langt í burtu. En hann reynir að hjálpa Lawrence með fjarhrifum eða fjarsambandi. Fyrst greinir Lawrence aðeins rödd hans, síðan birtist honum ljós og virðist þar vera um að ræða tilraun til líkamningar og að lokum tekst Mitchell að líkamnast, svo að Lawrence sér hann fullkomlega. Síðar í bókinni kemur víða fram, að hann getur fengið samband við Mitchell er hann þarf á leiðsögn og aðstoð hans að halda. Sennilega hefur Mitchell verið háþroksuð vera á öðrum hnetti, sem tekist hefur svo vel að hjálpa Lawrence fyrir fjarsambandi.

Lawrence er nú kominn til staðar, þar sem allt er gert honum til hjálpar, og þar sem umhverfið er fagurt. Ekki er þess þó getið í bókinni, hvernig þau umskipti hafa orðið. — En minningar um ýmis afbrot í jarðlifi hans, fara nú að sækja á hann og valda honum þjáningum. Hann segir: „Eitt okkar erfðasta viðfangsefni er að viðurkenna unnin illvirki“ (bls. 37). „Hér á þessum stað geta okkar viðkvæmu líkamar ekki þolað á auðveldan hátt þá sök og þjáningu, er slík reynsla lætur eftir sig“. (bls. 38).

„Hvernig getum við sætt okkur við, að þurfa sjálf að þjást fyrir sár, er við höfum veitt öðrum? Petta er hið nýja viðhorf gagnvart illri breytni, sem við verðum að horfast í augu við. Að minnsta

kosti verð ég nú að þola sjálfur þjáningar þess, sem ég gerði rangt til.“

„Ég sjálfur þjáist sérstaklega vegna atviks, sem gerðist á árunum, þegar ég tók þátt í styrjöldinni. Petta atvik olli mér þá hugarangri, en nú er kvölin, sem ég verð að þola sökum þessa, í réttu hlutfalli við næman tilfinningahita minn. Í skæruhernaði á eyðimörkinni hafði ég talið skyldu mína, að dæma mann fyrir hegðun, sem sennilega mundi stofna herferðinni í hættu. Ég hélt, að réttvísin krefðist þess, að ég fullnægði dómnum sjálfur, ef ég kvaði hann upp. Þess vegna myrti égmanninn í skjóli hernaðarlegrar nauðsynjar. Auk þess fórst mér verkið klaufalega, og lengdi það þjáningar hans. Þá gat ég samt ekki fundið neitt annað ráð. Ég veit nú, að skortur á hugmyndaflugi og úrræðaleyti mitt dró mig til þessa verks. Núna verð ég sjálfur að þola allt, sem ég gerði honum, ekki aðeins líkamskvalir, — þær eru nú hið minnsta — heldur verð ég að kynnast angist hans, iðrun og rothögginu, sem stolt og virðing verður fyrir, þegar maður er dæmdur“.

„Fyrsta ákafa tilhneiting mín var að leita hans og reyna að bæta fyrir brot mitt, eins og unnt væri, en Mitchell hindraði mig og sýndi mér fram á, að það væri engin lausn.“ „Jafnvel þótt þú fyndir hann og gætir með því linað þinn eigin sársauka, mundi þér samt ekki takast að draga strik yfir hið liðna“, sagði hann. „Þú ollir sjálfur þeirri þjáningu, sem þú nú færð í fyrsta sinn að kynnast, hversu sár var. Það er þinn skerfur af kvölinni. Vegna þess hve tilfinningalíf þitt er viðkvæmt, kann þinn hluti að verða meiri en hans. Getur þú tekið þessu sem afleiðing af óheillavænlegri atburðarás, er maður þessi setti af stað á jarðvistarárum þínum og þú dróst ranga ályktun af? Taktu upp þennan kross, þessa afleiðingu, og berðu hana af fúsum vilja. Þú átt hana, hún er þitt skópunarverk.“

„Mér fannst þá í svipinn, að mér væri þetta um megn, en ég samþykkti aðferðir Mitchells við mig. Hann tók engin undanbrögð til greina og stakk ekki upp á neinum ívílnunum. Hann létt mig takast allan þungann á herðar, en um leið gaf hann mér trú á kraft minn til þess að valda honum. Í þessu fólst læknandi móttur. Smám saman en ekki allt í einu fann ég sársaukann hverfa. Mitchell mælti: „Pakkaðu Guði fyrir það, að þú hefur enga verri glæpi til þess að glíma við. Geturdu hugsað af meðaumkun um, hvílíkt verkefni stórglæpamenn eiga fyrir höndum? . . . Leið þeirra mun í framtíðinni óhjákvæmilega liggja í þá átt, að þeir standi augliti til auglitis við afbrot sín á þennan sársaukafulla og skilyrðislausa hátt.“ (bls. 40).

Og enn segir Lawrence: „Auðvitað eru mörg önnur óhappaverk í fortíð minni, sem ég verð nú að kynnast, þola og veita viðtöku á þennan sama hátt. Sérhvert þessara verka mun færa mér verðskuld-aða þjáningu.“

VI.

Ég hef hér tekið upp nokkrar tilvitnanir úr þessari framlífssögu, sem sýna að nokkru hvernig þessi maður varð í framlífi að gjalda ýmissa misgerða í lífi sínu hér á jörð. Hann var þó svo lánsamur að komast tiltölulega fljótt til staðar, þar sem gott var að vera. Samt komst hann ekki undan því að gjalda með eigin þjáningum afbrota þeirra er hann hafði framið í jarðlífí sínu hér, og vafalaust stundum vegna aðstæðna, sem hann sjálfur átti ekki sök á nema að litlu leyti. En hann hafði verið þáttakandi og stjórndandi í styrjöldum, og í styrjöld kemst varla nokkur hjá að vinna ýmis óhæfuverk, jafnvel þótt glæpahneigð sé ekki fyrir hendi.

Miklu verri framtíð hlýtur að bíða hinna raunverulegu glæpamanna eða illmenna, sem gera sér það til ánægju að drepa og kvelja aðra. Þeir munu að öllum líkendum ekki komast hjá miklu verri örögum en þeim, sem af er sagt í áður nefndri bók. Hætt er við að þeir eins og sogist til hinna illu afslvaða í vítum annarra hnatta, þar sem illmenni ein eru samankomin, og sem geta farið með hina nýkomnu að vildi sinni, unz þeim berst að lokum hjálp frá lengra komnum vinum, og geta hafið hina erfiðu göngu upp á við.

Pað er því ekki lítið áríðandi að réttur skilningur á framlífinu komist til vitundar sem flestra manna. Sá skilningur ætti að geta forðað mörgum frá illum örögum í framlífi þeirra.

Ingvar Agnarsson.

LÖGMÁL SAMSTILLINGARINNAR

Lögmál hreyfingarinnar, fyrsta lögmál Helga Pjeturss.

Pví hefur áður verið lýst, hvernig hreyfingin er sífelld sköpun í svíðinu, sem varðveitir efni og orku, svo að aldrei breytist magn þess í heiminum. Þó að hreyfing eindanna byggist á gjöreyðingu þeirra og endurmyndun, myndast efnið aftur allt saman, utan sú orka rafsegulkyns, sem losnar við ummyndunina og aldrei hverfur eftir það, nema því aðeins að hún verði að efni aftur. Hver efnisögn togast látlauð á við allan heiminn, en mest þó við nágranna sína. Um leið og hún skipuleggur sjálfa sig við hreyfinguna, reynir hún um leið að skipuleggja allan heiminn eins. Þetta veldur togstreitunni og viðbragðinu. Eins má líta á hverja heild eins og eind. Heildin er á sífelldu kvíki og reynir að skipuleggja sjálfa sig um allan heim, eins og áður hefur verið lýst.

Viðbragðið verður af því að einn hlutur hefur áhrif á annan og hinn bregst við með því að hafa áhrif á hinn, eins konar andsvar við áhrifunum, sem má líka kalla áreiti. Andsvarið eða viðbragðið verður svo eftir því, hve sveiganleg heildin er; sú sem verður fyrir áreitinu og þessi sveiganleiki er alltaf vegna samstillingar.

Bæði áhrif og andsvör himinhnattanna eru tiltölulega einföld. Hreyfingin á þeim innbyrðis veldur aðdráttaraflinu og það eitt skipuleggur himingeiminn. Því meiri sem innbyrðis hraði verður, því meira verður aðdráttaraflid og þetta gerir hreyfingu sólnagrúans býsna skipulegan.

Hnettirnir eru lítt sveigjanlegir, en þó má sjá viðbragð hafsi ns, þar sem er flóð og fjara og einnig, hvernig jörðin verður ei lítið flöt til skaутanna af möndulsnúningnum.

Munurinn á samstillingu lifandi efnis og dauðs er meiri en munurinn á sjávarsandi og flóknustu vélum, sem menn hafa gert af dauðu efni. Áður hefur verið lýst, hvílíkur munur er á proteinsameindum og sameindum dauða efnisins og einnig hver óraleið er frá proteinsameind til lifandi frumu. Munurinn á viðbragði lifandi efnis og dauðs er að sama skapi mikill.

Hámark skipulags á lifandi efni er sennilega í taugakerfi dýranna. Í kennslubókunum segir á þá leið, að það sem einkenni taugakerfið í heild sé viðbragðið. Áreiti veldur taugaboði, taugaboðið berst til miðtaugakerfisins og veldur þar skynjun, en skynjun er viðbragð. Taugaboðið, sem verður við áreitið, veldur líka taugaboði til hreyfi-búnaðar í skepnunni og á því sést hið ytra viðbragð skepnunnar eða mannsíns.

Kolefnisfrumeindir geta raðast niður á þrennan hátt í efninu hreinu; í demant, sem er harðasta efni í heimi, í grafít, sem er mjúkir krystallar og í myndlaust kolefni, sem verður að dufti við lítinna þrýsting.

Allir ólífraenir hlutir í fjölbreytni sinni eru úr örfáum frumefnum, af þeim 92, sem þekkjast í náttúrunni. Flest þeirra eru svo sjaldgæf, að þeirra gætir sáralítið.

Lífræn efni og lífefni. Eitt frumefni hefur meiri samstillingarmátt en öll hin. Petta efni er kolefnið, skammstafað C. Það hefur þá náttúru, að geta bundist sjálfu sér með mjög traustum efnatengslum. Pessi efnatengsli verða skipulegust í demantinum, harðasta efni, sem til er. Kolefnisfrumeindirnar geta bundist saman í langar eða skammar keðjur, fjölliða eða fáliða hringi og á keðjur og hringi geta ýmis frumefni eða samefni bundist. Engin takmörk eru fyrir því, hve mörg efnasambönd geta orðið til á þennan hátt og fræðin um þessi efni heitir lífræn efnafraði, sem er annað en lífefnafræði. Hún er aftur á móti um efnin, sem eru í lífverunum. Þar er aðeins fátt eitt af öllum þeim grúa, sem þekkist af lífrænu efnunum.

Ótal dæmi eru úr lífrænu efnafraðinni um það, hversu mikil efnið efnin geta breyst, við smávægilega viðbót við sameind eða brotnám úr sameind. Tréspíritus er vökti, sem sýður við 68 C°, en ef súrefnisatóm er numið úr sameindinni, verður úr því efnið metan, lofttegund, sem þéttist ekki í vöktva fyrr en við $\div 160$ C°. Petta er lítið dæmi úr lífrænu efnafraðinni og væri hægt að rekja slík dæmi endalaust, ef rúm og tími leyfði og það gæti orðið einhverjum til þroska.

Í lífefnafræðinni eru kolefnissambönd alls ráðandi, en ólífraenu efnin sveima þó í vöktva frumanna eða eru tengd í samböndum kolefnisins svo að í frumunni ægir öllu saman. Lífið kvíknaði í vatni og hefur æ síðan verið vatnslíf og öll samstilling við það miðuð. Líffræðin er öll ein samstillingarsaga og verða úr henni nefnd örfá dæmi um mátt samstillingarinnar.

Samstilling í lífverum. Kjarnasýra og protein eru undirstöðuefni lífsins. Proteinið er starfsefni lífsins, veldur öllum efnahvörfum, bruna og uppbryggingu og viðhaldi sem og öllum hreyfingum. Efna-hvörfin og hreyfingarnar yrðu gagnslaus, ef allt væri ekki samhæft og samstilla. Pessum tveimur efnaflokkum var lauslega lýst í þættinum um líf og líforku og hvernig þau eru undirstaða lífsins. Verður þeim ekki lýst nánar hér en þess í stað nefnt lítið dæmi um það, hvernig önnur efni eru nauðsynleg til að lífið deyi ekki.

Í frumunni og utan hennar eru jónir margra frumefna. Þær er málmurinn natrium og málmlleysinginn klór í jónuðu ástandi, eins og þau birtast í matarsaltinu. Án þessara efna getur ekkert líf verið. Menn sem svitna mikið missa natrium og klór í svitanum og það getur orðið í þvílíkum mæli að taugakerfið hættir að verka rétt og maðurinn eða skepnan fær krampa og saltskorturinn er þá búinn að gera líðanina vonda löngu fyrr en krampinn kemur. Vatnsflæði út og inn um frumur og svo sjálf taugaboðin eru háð því, að nákvæmlega mátulega mikið sé af matarsalti leyst upp í vökvum líkamans. Þetta er ekki vitund dularfullt, heldur en annað í líffræðinni, saltið veldur osmotískum þrýstingi og ef hann fer úr skorðum þorna frumurnar upp eða þrútna út af vatni og þá fer allt að verka vitlaust. Taugaboðin eru háð því að natrium kalíum og kalsíum geti flætt út og inn um taugafrumuna. Röskun á jónajafnvæginu veldur ýmist lómun eða krömpum. Doði í kúm er af því að kalsíum í vökva líkamans verður of lítið, hefur lækkað úr 10 mg í dl niður í 6—7 mg í desilíter. Meira þarf ekki til að skepnan lamist og dreppist ef illa fer.

Samstilling fruma og líkamshluta er heil fræðigrein, lífeðlisfræðin. Taugar stjórna vöðvun, ef taugin visnar eða er skorin í sundur, visnar vöðvinn, stutt stöðvun á blóðrás í skepnu veldur bráðum bana, lifrarlaus er hægt að tóra á annan dag og svipað er að segja um nýrun. Ótrúlegt en satt að hægt er að lifa án mikils hluta af heilanum. Í heilabotninum eru þó taugaboð, sem ekki er hægt að missa.

Samstilling lífvera. Samstilling lífvera virðist fljótt á lítið frá-brugðin innri samstillingu í lífveru. Þó að einn og einn einstaklingur sé tekinn, jafnvel heilir hópar, er eins og það geri heildinni ekkert til. Menn gleyma jafnvel að þeir séu öðrum háðir. Pegar betur er að gáð, gerir það einstakling lítið til, þó hann missi eina og eina frumu. Nýjar frumur verða til í staðinn og ný efni streyma að. En ef líffæri fer, deyr skepnan og eins gæti farið í þjóðfélaginu, ef heil stétt færist. Ef þjóðfélag missti alla sjómenn eða alla bændur, gæti það

orðið svipað og fyrir mann, sem missit lifrina eða nýrun. Í fornöld þótti það jafnan jafngilda ósigri, að missa konunginn í orrustu. Býflugnabú getur ekki verið án drottningarinnar.

Viðbragðið er þannig grundvallaratriði í hegðun alls, lifandi og dauðs. Munurinn á lifandi og dauðu er munur á samstillingu og viðbrögðin fara eftir því. Meðvitund er sjálfsögð afleidning af því að viðbrögðin eru orðin svo fullkomín að kerfið skynjar sín eigin viðbrögð.

Pað hefur þótt fremur óskáldleg heimsmynd að telja, að allt sé af einu efni og þau lögmál sem við þekkjum geti stjórnað lífinu sjálfu. En í þeirri skoðun liggur sú vanþekking að halda að lifandi efni sé ekki óralangt komið frá því dauða í samstillingu. En þegar menn sjá hve dautt efnið er merkilegt og þar á ofan það sú himinhæð sem það lifandi er fyrir ofan það í samstillingu, þá hverfur þörfin á því að halda að einhver annar veggur sé þar á milli.

*Porsteinn Þorsteinsson,
lífefnafræðingur.*

SAMBANDSSKYNJUN — STJÖRNULÍFFRÆÐI

Aðfaranótt 6. júlí 1981 var ég vakandi og heyri rödd, sem segir: „Þú átt að fá að sjá Jóhannesarborg. Á sömu stund sé ég í fjarlægð gríðarmikið hvítt hús, líkt og skelbeinsplata að utan gyllt, og undurfagurt landslag og skínandi björt sólarbirta.“

Par mátti sjá fagra blómsveiga í öllum litum og tré og jurtir, sem tæpast er hægt að lýsa, slík sem fegurðin var.

Par var líka gríðar mikið og stórt vatn, glitrandi eins og demantsperlur. Heyri ég röddina þá segja: „Peir, sem fara ofan í þetta vatn, fá þá svo mikla lífgeíslan, að þeir geta svifið til ykkar jarðar og látið ykkur finna og sjá, ef þið vilduð taka eftir“. Á sömu stund og röddin er að segja mér þetta, sé ég hóp manna steypa sér í vatnið. Svo koma þeir aftur upp og þá stafar svo miklum geíslum frá þeim. Par á meðal var Helgi Pjeturss og Hallgrímur Pétursson og margir fleiri, sem ég kannast við. Og ég er mikið heilluð og þakk-lát að fá að njóta þessara merkilegu sýna.

Sigurrós Jóhannsdóttir.

TIL NÆSTU SÓLHVERFA

Áður hefur í *Lífgeislum* verið minnzt á tilraunir vísindamanna stórveldanna til að hafa sambönd við önnur sólhverfi — með loftskeytum, radíó. Varla er þó nokkurs verulegs gagns að vænta af slíkum tilraunum, eins og þær eru hugsaðar — nema að einu leyti: þær gætu orðið til þess, að greiða fyrir hugsun um þessi efni, meðal frjálsra og sjálfstætt hugsandi einstaklinga, sem ekki eru of fast tengdir hinum stóru heildum.

Pegar það gerist, að annað af tveimur mestu stórveldum jarðarinnar snýr sér beint til ritstjóra LÍFGEISLA — sem aldrei hafði haft samband við þá áður — nokkurnveginn í þeim anda að segja: „sjáð hvað við erum að gera!“, þá er sjálfsagt að taka því vel og nýta það sem nýtilegt er, hvað sem menn annars kunna að hugsa um ástand og horfur og stefnur í stjórnálum. En þetta var það sem gerðist í aprílþyrjun í vor eða marslok, þegar ritstjóranum bárust nokkrar nýjar ritgerðir af rússneskum uppruna, ásamt persónulegu tilskrifi frá einum af starfsmönnum sovézka sendiráðsins hér.

Petta tek ég upp úr einni fréttatilkynningunni, sem kann að hafa verið samin í febr.-marz síðastliðnum:

„Á næstu tveim eða þrem mánuðum munum við senda radíoskeyti til u. þ. b. 15 næstu stjarna, sem líkjast sólinni, segir Vshevvolod Troitsky, bréflegur meðlimur sovézku vísindaakademíunnar og yfirmaður deildarinnar „Leit að tæknilegum skeytum frá öðrum hnöttum („úr geimnum“)“, en sú deild er hluti af radíóstjörnufræðideild vísindaakademíunnar. Meðal þessara 15 stjarna eru:

tá í Hvalnum (tá Seti)
epsilon í Ánni (epsilon Eridani)
beta í Veiðihundunum
61 í Svaninum
Prókýon.

Pessar eru allar í næsta nágrenni okkar, í 10 til 15 ljósára fjarlægð“ (nema beta í Veiðihundunum, sem er fjær. P. G.). Hér lýkur því, sem haft var eftir Vissavaldi Troitsky.

Eins og menn sjá, er hér ekki aðeins talað um að hlusta eftir skeytum utan úr geimi, heldur einnig um það að senda skeyti héðan.

Framtak jarðarmanna er að vakna, í þessu efni. Eins og menn sjá einnig, er þarna að nokkru leyti um að ræða sömu stjörnur og þær, sem hugsendingum er beint til, frá Nýalssinnum. Hvora aðferðina telja lesendur Lífgeisla vænlegri til árangurs? Framtak Jarðarmanna verður að vakna. Hvar hefst það og hvernig?

P. G.

SAMRÆMI ATHUGANA

Í draumum þeim sem Pál á Fagurhólmseyri hefur dreymt, og birtir eru í tölublaði Lífgeisla númer 31, er einn, sem lýtur að skoðun á skýjafari. „Mér þótti (himinninn) vera alþakinn líkt og þunnri grábliku, en þar undir voru reglulegri ský en ég hef nokkurntíma séð . . . Mér fannst skýin helzt líkjast neti, sem þanið væri yfir allan himininn. O. s. frv.“. Lýsing Páls á þessu er vönduð og glögg, byggist á nákvæmri athugun. Í draumfrásögn eftir mig sem birt er í Íslenzkri stefnu, apríl 1956, segir svo: „Ljósleit skýjamóða var þarna á himni, en þó ekki þykkari en svo, að stjörnurnar skinu í gegnum hana“ Miklu ófullkomnari er þessi veðurlýsing en Páls, en ég hef það þó mér til afsökunar, að það var hið stjarnfræðilega efni draumsins, sem mér var mest umhugað að koma til skila. — En ég þykist nú glögglega muna, og hef líklega haft á því orð við einhverja sem ég sagði þennan draum, að ég hafi undrazt hið reglulega form skýjanna sem breiddust yfir allan himininn, og líkja mátti við net með allstórum hnoðrum í hnúta stað. Svo mjög minnir lýsing Páls mig á þetta, sem ég sá í draumnum, að ég freistast til að gizka á, að samband hafi verið við sama hnöttinn í báðum þessum draumum.

Draumur Páls var dreymdur 6. febrúar 1959, en minn aðfaranótt 10. janúar 1956.

Þorsteinn Guðjónsson.

FRÁ GÓÐUM LIÐSMANNI

„*Undur undra*“, var skrifaðí tímaritið LÍFGEISLA (Nr. 31) um nokkuð, sem rekið hafði á fjörur okkar, sem störfum að útgáfu blaðsins, en það var símasamtal við glöggan og vandaðan mann, sem skráir hjá sér draumsýnir, og taldi hann, að sumar þeirra mætti rekja út fyrir jörðina. Frá barnæsku hefur hann undrazt stjörnurnar og dáðst að þeim, og þegar hann þroskaðist, fór hann að afla sér fræðslu um þær. Pessi maður hefur verið áskrifandi að *Lífgeislum* frá byrjun.

Nýlega fékk ég frá þessum manni senda teikningu af stjörnusýn, sem bar fyrir hann í draumi í fyrri hluta október 1980. Frumteikningin hafði glatazt, en hann gerði fjórar teikningar eftir minni, og sendi aðra þeirra tveggja, sem bezt bar saman. Fann ég vel í samtalinni við hann, hvað honum var umhugað um, að skila þessu eins rétt og unnt væri. „Er dapur með stjörnumerkið, en landslagið er ekki svo langt frá réttu — eyðilegar hæðir og runnar smávaxnir til og frá, og virtust þeir líkari stráum en hríslum“. Ennfremur sagði hann mér að einhver vonleysis- og ömurleikablær hefði hvílt yfir þessu öllu, — þrátt fyrir hina prýðilegu stjörnusýn.

Nú fór ég að skoða myndina og átti von á, að hér hefði nú náðst draumsamband við annað sólhverfi, — sem út af fyrir sig er nú ekki neitt einstætt, síður en svo — en hitt var merkilegra, ef hægt yrði að staðsetja það sólhverfi í geimnum, finna hvar það væri, út frá samanburði stjörnumerka.

En þegar ég fór að skoða betur, gerði ég dálitla uppgötvun: *Himinsýn þessi er að öllum líkindum héðan af jörð*. Karlsvagninn er hér um bil nákvæmlega eins — og þó að miðstjörnuna, Megrez, vanti, er það ekki að marka, því að hún er svo dauf í veruleikanum, að hún skilar sér síður en hinarr. Pegar þar við bætist að bjarta stjarnan til hægri, er nokkurnveginn í nákvæmlega sömu afstöðu við Vagninn og Blástjarnan Vega er á vorum himni, en myndi færast til, jafnvel í næstu sólhverfum, (og þegar enn bættist það við, að hún var að rísa, uppfrá sjóndeildarhring, á þeim fáu mínumúnum, sem draumurinn stóð), voru komnar miklar líkur fyrir því, að stjörnusýn þessi sé ekki frá öðrum hnetti, heldur *frá suðurhveli jarðar, ca. 10 gráður fyrir sunnan miðbaug*. Mestar líkur eru til, að draumgjafinn hafi verið svertingi í Angóla eða Zambíu (eða Kongó syðst), og horft til norðurs. Afstaða stjörnumerkjanna kemur heim við þetta, og einnig það, að bjarta stjarnan til hægri var að rísa, eins og



DRAUMSJÓN HINS GÓDA LIÐSMANNS. Fljótt á litlum mátti ætla að þarna væri komin himinsjón úr öðru sólhverfi, því að Stóri-Vagn sést aldrei á þennan hátt hér á landi. Við nánari athugun kom í ljós að afstaða stjarnanna svarar til ca. 10° suðlægrar breiddar HÉR Á JÖRD. Á fyrri teikningu dreymandans kom þetta ennþá betur í ljós — en bún glataðist. Þar mátti MÆLA, að stjarnan sem er að koma upp til hægri á myndinni, svaraði nákvæmlega til afstöðu BLÁSTJÖRNUNNAR (Vegu) gagnvart KARLSVAGNINUM. Einnig uppgöngustefna stjörnunnar til hægri er rétt. — Þetta er endurteikning, og hefur stjarnan sem svarar til Blástjörnunnar orðið of dauf, en var með réttu birtumagni miðað við aðrar á frumteikningu. — Sýn þessi er afar athyglisverð, og kemur gildi hennar að nokkru leyti til jafns við sýn Swedenborgs frá Gautaborg til Stokkhólms árið 1756.

einnig kom fram í lýsingu dreymandans. Einnig hugarástand mannsins, sem varð þarna draumgjafi, kemur heim við þetta, því að framtíðarhorfur munu viða vera daufar í þeim löndum. Óskandi væri, að úr því mætti rætast.

Vissulega hefðum við heldur óskað þess, að sýn þessi hefði verið úr öðru sólhverfi, eins og við héldum fyrst, þegar þessi lýsing, og þessi teikning barst okkur í hendur. Heimildarmanninum datt ekki heldur annað í hug, vegna þess hve óvenjulega stjörnumerki snúa þarna við. En einmitt þetta grunleysi hans er það, sem eykur á gildi athugunar hans, ásamt nákvæmni hans og samvizkusemi við gerð teikningarinnar. Það liggur nokkuð ljóst fyrir, að draumurinn er til kominn fyrir samband við mennskan draumgjafa hér á jörd í október 1981.

Porsteinn Guðjónsson.

ATHUGASEMD

Í 33. hefti *Lífgeisla* er smágrein eftir mig, „Grímur hinn góði“, sem er andmæli gegn rausi nokkru um Grím Thomsen, sem fram hafði komið í útvarpi í vor sem leið. Þar sem það fórst fyrir að setja tilvitnunarmerki um þessa fyrirsögn, má vera að einhverjum misskilningi gæti hún valdið. Fyrirsögnin er tekin úr kvæði Gríms sjálfss „Goðmundur á Glæsivöllum“, sem frægt er og margir þekkja, en þar er ein vísan svona:

„Á Grími hinum góða
af gulli höfuð skín
gamalt ber hann vín.
En horns yfir öldu eituruormur gín,
og enginn þolir drykkinn nema jötnar.

Parna er Grímur að lýsa hinu kalda og fláráða hugarfari valdataflsins, sem hann hafði sjálfur haft nokkur kynni af, og „kalinn á hjarta þaðan slapp ég“, eins og hann segir einnig í þessu sama kvæði.

Það var mikið happ fyrir Ísland og íslenska menningu, að Grímur skyldi sleppa frá því að ánetjast þeirri taflmennsku til fulls. Kvæði hans verða ódauðleg, og þau segja frá sál skáldsins. En mjúkur í máli var maðurinn víst ekki. P. G.

TIL LESENDA

Um huldufólk og aðrar sýnir.

Hefur nokkur ykkar séð huldufólk eða aðrar „dulrænar“ verur?

Fjölmargir Íslendingar hafa af ýmissi „dulrænni“ reynslu að segja. Áður fyrr var það t. d. nokkuð algengt, að menn sáu huldufólk og höfðu jafnvel einhver samskipti við það. Einhverjir munu enn vera, sem telja sig hafa séð huldufólk eða bústaði þeirra.

Huldufólk var og er eitt hið merkilegasta í reynslu manna og því frásagnarvert í mesta lagi.

Ef þessar línur hitta einhværn, sem hefur af slíkri reynslu að segja, þætti mér mikils vert, ef sá hinn sami vildi skrásetja slíkar frásagnir og senda mér til birtingar í *Lífgeislum*.

Með bestu kveðjum,

F. b. ritstjórnar Lífgeisla,

Ingvar Agnarsson.

Pósthólf 1159, Reykjavík.

HRAÐBOÐ UM GEIMINN

Engin vísindakenning er frægari en afstæðiskenningin, og enginn vísindamaður eins dáður — enn þann dag í dag — og höfundur hennar: Albert Einstein. En þetta er reyndar á hnerti, þar sem mengun og kjarnorka eru meðal helztu ávaxta vísindaframvindunnar.

Pað ætti ekki að geta talizt nein goðgá að spryrja hver sé kjarni þessarar kenningar og fyrstu rök.

Porsteinn Jónsson á Úlfsstöðum stóð eitt sinn á hlaðinu í Kalmanstungu og var að tala um einhver almælt tíðindi við Ólaf bóna Stefánsson. En um leið og þeir tölzuðu, rann það upp fyrir Porsteini, að þar sem „tíminn yrði aðeins til fyrir hreyfing hlutanna um rúmið og breytingar þeirra í sjálfu sér“ væri liðin og ókomin tíð, „sem aðir staðir í rúminu“. Parna var þá komið eitt af kjarnaatriðum afstæðiskenningarinnar, kenningin um tímarúmið — en þetta, að „fákænn íslenzkur sveitamaður“ skyldi geta látið sér koma slíkt í hug, í miðju samtali við annan mann, sagði Porsteinn síðar, að ætti að geta dregið úr þeirri auðmýkt, sem menn hafa alla jafna gagnvart nefndri kenningu. En hann þakkaði það hagstæðum stilliáhrifum Ólafs bóna, — góðu áliti hans á sér — að sér skyldi verða þetta svona ljóst, án þess að sa hefði hugmynd um, að hann var að hugsa þetta mál.

Pað er þýðingarmikið að gera sér grein fyrir því, að fjarhrif og lífsambönd eru eðlisfræðilegar staðreyndir, en ekki neitt sem er „utan við“ veruleikann, enda væri það hið sama og að vera ekki til. Hið kauðalega orð „yfirskilvitlegt“ á einungis við um það, sem ekki er.

Fjarhrifin standa í sambandi við samstillingu lífsins og eru vissulega hraðsambönd á hærra stigi en ljósið og önnur rafsegulgeislun. Takmörkun boðhraðans við ljóshraða er blekking. Öll sambandsfyrirbæri, málmhluta-beygingar, lyftingar, hreyfingar og fjarflutningar, ásamt draumum og fjarsýnum, eru sannanir fyrir því, að hraðsambönd lífsins eiga sér stað.

Porsteinn Guðjónsson.

MERK SÝN

Pað var kl. 3 á aðfaranótt föstudags 19. júní 1981. Ég var nývöknud. Allt var í kyrrð og ró. Friður hvíldi yfir sumarbjartri nóttunni. Ég finn á mér, að nú á ég að fá að sjá eitthvað.

Pá heyri ég rödd sem segir: „Nú færð þú að sjá merka sýn“. Ég bý mig vel undir það. Þá opnast mér sýn. Í nokkurri fjarlægð sé ég hæðir og dali, allt uppljómað af sólarbirtu og fegurð, og jurtir og blóm glóðu fagurlega.

Röddin segir: „Hér sér þú í björtu ljósi tvo menn, sem áður fyrr voru ósáttir, en eru nú miklir vinir. Petta eu þeir J. J. og H. T. Ég sé þesa menn greinilega, þar sem þeir standa þarna saman.

Röddin segir: „Pessir menn, sem áður voru ósáttir, vinna nú saman að því, að senda geisla og frið til jarðar og til gróðurs jarðar. Og þeir beita orku sinni til þess að jafna illdeilur í stjórnálum og til að leysa deilur læknastéttarinnar. Petta er undursamlegt. Peir senda geisla, bæði til jarðargróðans og til mannanna. Og hið illa ástand er nú að byrja að lagast.“

Pá sagði ég: „En hvers vegna einmitt núna?“

Veran svaraði: „Það er 19. júní núna, og það er kvenfrelsisdagurinn.“

(Pess má geta, að ósamkomulagið milli ofangreindra manna var 1930 til 1935).

Sigurrós Jóhannsdóttir.

„BLÓMEFLD FJARSKIPTI“ OG SAMBANDSHEYRN SIGURRÓSAR

Sveinn Haraldsson kom til míni mánuðaginn 5. 10. '81 og las upp stutta grein, er birtist í Pjóðviljanum (og Tímanum og Morgunblaðinu) 4. 10. um væntanlega tónleika þriggja hljómsveita ungra tónlistarmanna, í Pjóðleikhúskjallaranum mánud. 5. 10. kl. 21. Til tónleikanna átti að efna í tilefni fréttar af: „nìðurskurði Reaganstjórnarinnar bandarísku á þeim hluta geimrannsókna, sem lýtur að hlustun eftir radíó-sendingum frá skyni gæddum verum á öðrum hnöttum“. Höfðu hinir ungu tónlistarmenn í tilefni af þessu á-kveðið að snúa vörn í sókn og hefja sendingar til annarra hnatta, í stað móttöku þaðan, og skyldi nú efna til samkomu og tónleika í Pjóðleikhúskjallaranum. Hugðust þeir þar færa sér í nyt stillilög-mál dr. Helga Pjeturss og „nýja sambandsaðferð, sem í íslenskri þýðingu nefnist „Blómefld fjarskipti“. En hún felst í því að „notuð eru blóm og ýmiss konar jurtir í stað loftneta“, eins og segir í greininni. Höfðu þeir ákveðnar stjörnur í huga, nefnilega Alfa í Kentárnum og Proxíma í sama merki. Hljómsveitirnar nefnast *Peyr, Jonní, Jonní*, og *Ven Houtens Kókó*. Þessar fréttir þóttu mér góðs viti.

Petta sama kvöld, 5. okt. er ég stödd hjá kunningjakonu minni, og þá kemur yfir mig sterkt sveifla sambandsáhrifa með unaðslegri líðan, og ég heyri þetta sagt:

„Við erum farin, Sigvaldi“.

Ég spyr konuna, „kannastu nokkuð við þetta nafn?“ En hún neitaði því. Samstundis heyri ég kallað: „Kaldalóns“.

Eftir stutta stund sé ég undurfagran sal, stóran með upplýsandi stjörnuljósum, peru við Peru í mæninum, sem ekki er hægt að lýsa eins og var. Ég hugsaði: ég skal hrингja í Svein, og láta hann vita. Þá var sagt: „Hringdu, ég kem aftur annað kvöld“.

Á öðrum tímanum um nóttina heyri ég sagt: „Við viljum fá Þorsteinn Guðjónsson vegna skilnings hans á stjörnusambandsmálum“.

En undir morguninn kemur *Ingimundur fiðluleikari* (bróðir Kjarnvals), og segir: „Það þarf að ná í Önnu, og láta hana vita“. Ég skynjaði undir eins, að það var dóttir Helga Pjeturss, sem átt var við.

Sigurrós Jóhannsdóttir.

VERIÐ FULLKOMNIR

„Verið fullkomnir eins og faðir yðar á himnum er fullkominn.“

Var þetta aðeins fögur draumsýn, sem alls ekki getur orðið að veruleika í neinni framtíð, eða var Kristur hér að skýra frá möguleikum til óendantlegrar fullkomunnar, sem hver maður eigi í vændum?

Ég hygg, að hér segi Kristur sannleikann um þroskamöguleika hverrar mannlegrar veru. Það er vilji hinnar æðstu veru, að laða allt sem lifir í átt til sín. Maðurinn hefur náð því þroskastigi, sem hann nú er á, vegna stöðugra líforkuáhrifa frá hinni æðstu veru. Og eins verður um framhaldið, möguleikar hverrar mannveru til æðstu fullkomunnar, þeirrar, að verða að lokum sjálf hin æðsta vera, eru vegna þrotlausrar tilgeislunar frá hinni æðstu veru.

Leiðmannlegs einstaklings frá núverandi þroskastigi til hinnar æðstu fullkomunnar er löng, óendantlega löng.

Um ótal hnerti liggur leiðin upp á við. Púsundir ára líða, milljónir ára líða. En ef ævinlega er verið á réttri braut, mun leiðin sækjast, og því auðveldar og hraðar, sem lengra er komið á framfarabrautinni. Því lengra sem einstaklingnum miðar áfram á veginum upp á við, þeim mun öflugri orkugeislunar getur hann notið frá þeim, sem honum standa ofar í þroskastiganum.

„Brautin upp á við er óendantleg. Og undirstöðulögmul er það, að því meiri fullkomun, sem náð hefur verið, því fremur verður við hana bætt.“ (H. P.).

Fyrir hverjum einstaklingi mun liggja að verða að lokum sjálfur hin æðsta vera, að þroskast stöðugt í átt til guðs, uns æðstu fullkomun er náð.

*Ingvar Agnarsson
(Mbl. 18/2 1981).*

UM SKÍÐBLAÐNI — HIÐ FURÐULEGA SKIP ÁSA

Í Gylfaginningu segir svo:

Þá mælti Gangleri: „Hvat er at segja frá Skíðblaðni, er hann beztr skipa, hvárt er ekki skip jafnmikit sem hann?“

Hárr segir: „Skíðblaðnir er beztr skipanna ok með mestum hagleik gerr, en Naglfar er mest skip. Þat á Múspell. Dvergar nökkurír, synir Ívalda, gerðu Skíðblaðni ok gáfu Frey skipit. Hann er svá mikill, að allir æsir megu skipa hann með vápnnum ok herbúnaði, ok hefir hann byr, þegar er segl er dregit, hvert er fara skal, en þá er eigi skal fara með hann á sæ, þá er hann gerr af svá mörgum hlutum ok með svá mikilli list, at hann má vefja saman sem dúk ok hafa í pungi sínum.“

Margt er furðulegt, sem frá er sagt í goðsögnum, en þó mun sumt vera, sem styðst við raunveruleika, og sem skilja mætti ef stuðst væri við hinn nýja líffskilning, sem boðaður er í kenningum dr. Helga Pjeturss. Margt í goðsögnum á rót að rekja til lífsins á öðrum stjörnum. Svo mun og vera um sögu þá af Skíðblaðni, hinu merkilega skipi, sem Snorri Sturluson segir frá í Eddu. Æsir voru lengra komin þjóð á annarri jörd og Skíðblaðnir var einn hinna merkilegu farkosta þeirra. Frásögnin bendir til þess, að Æsir gátu látið Skíðblaðni efnast (materialiserast) eða afefnast eftir þörfum: haft hann í fullri stærð og með öllum búnaði, er þeir þurftu á honum að halda eða haft hann „í pungi sínum“ þess á milli, þ. e. látið hann hverfa eða verða að engu, afefnast.

Hér gæti og verið um það að ræða, að hínir lengra komnu munu fara hamförum milli fjarlægra staða og milli byggðra hnatta á svipstundu, en víða í Eddu er einmitt sagt frá atburðum, er þannig mætti skilja.

*Ingvar Agnarsson
(Mbl. 23/9 1980).*

KENNING NYALS:

Sambandsástand.

Svefninn er sambandsástand. Í svefni fer fram nokkurskonar magnan eða hleðsla taugakerfisins. Sambandsástand andamiðilsins er í aðalatriðum sama eðlis og vanalegur svefn. Að miðillinn tekst á loft eða lýsir af andliti hans, er afleiðing magnanar eða hleðslu, sem er lík eðlis og vanaleg svefnmagnan.

Sambandsvera.

Draumlífið er einn þáttur þessarar hleðslu. Það er þannig til komið, að hinn sofandi fær meðvitund annars, sem vakir. Draumgjafi er sá, sem draumurinn er frá. „Andinn“ sem talar fyrir munn miðilsins er samskonar vera og draumgjafinn.

Á annarri stjörnu.

Daumgjafinn á heima á öðrum hnetti. Heili vor gerir sér myndir eigi einungis af því, sem vor eigin augu sjá, heldur einnig af því, sem augu annarra sjá og það þó að þessir aðrir eigi heima á öðrum stjörnum. Draumheimur vor er sama sem andaheimur miðilsins, lífheimur annarra hnatta.

„Ég“ annar maður.

Meðvitund draumgjafans aflagast í heila dreymandans. Þegar sofandi maður segir „ég“, þá á það „ég“ ekki við manninn, sem liggur og sefur, heldur við draumgjafann. Og eins er um miðillinn í sambandsástandi.

Stilliáhrif.

Áhrif annarra ráða mjög miklu um það, við hvaða draumgjafa sambandið verður og hversu ófullkomið það er eða fullkomið. Áhrif þeirra, sem svefja eða hafa svafið miðilinn, ráða því, við hvaða „anda“ samband fæst og hvernig því verður háttar.

Tvær stefnur.

Víxlagnan á sér stað manna á milli. Ástand mannfélags er að mjög miklu leyti undir því komið, hvernig þessum áhrifum er háttar. Því meir sem gætir áhrifanna frá bestu mönnunum, og því meira fylgi sem þeir hafa, því betra er mannfélagið. Því verra sem mannfélagið er, því meir gætir áhrifanna frá hinum verstu, og því meira fylgi hafa þeir.

(Nýall bls. 228 — 231 samandregið).
Gunnar Hjörvar tók saman.

STJARNAN

Stjarnan mín á himinbrautum háum,
horfi eg til þín frá stigum lágum
dýrðarhrifinn dimma vetrarnótt.
Enginn þekkir þínar huldu leiðir;
þrungið logum geislabrimið freyðir
út frá þér, — en alt er kyrt og hljótt.
Enginn glaumur glepur friðinn nætur,
graðarkyrrum vafinn þagnarhjúp;
samt þú slöngvað logablysum lætur
langa vegu' um himindjúp.

Mun ei innan endimarka þinna,
eins og vorra, gleði' og sorg að finna,
líf og dauða, — sífelt sókn og vörn?
Eða mun þar alt á stigi hærra,
eymdin minni, sælulífið stærra,
þín sem eiga við að búa börn?
Mun ei augað myrkvast þrungrum tárum
meginþungum, hvar sem farið er?
Mun ei hjartað slegið sorgarsárum
sviðavörmum þar sem hér?

Þunga gáta, þögul, óráðandi,
þó að sífelt reyni mannsins andi
þig að svifta þínum dularhjúp.
Þunga spurning: hvar og hvernig löndin
huldu sé og ókunnuga ströndin
fyrir handan dauðans regindjúp.
Mannleg þekking megnar ei að gefa
minstu vissu' um dularheima þá;
trúin blinda berst við kaldan efa —
barnslegt traust og spekin há.

Hannes S. Blöndal (1902).

Draumar

Vanlíðan á för um eyðimörk. — Draumur

Draumar eru hver öðrum ólíkir, rétt eins og flest atvik í vöku-lífi, því þar skera atvakin sig hvert frá öðru, svo ólík eru þau. Varla eru til þau atvik eða tilfinningar í draumi, að ekki eigi þær sé hlíð-stæðu í vöku. T. d. getur sársaukatilfinning í draumi verið eins áleitin og sár, eins og hún er oft í vöku.

Mig dreymdi, að ég var á ferð um eyðimörk ásamt nokkrum mönnum öðrum. Ég var berfættur og óð sandinn upp á ökla. En ég hafði óþolandí kvöl í hægra fætinum, svo þetta var mér mikil brautaganga.

Loks staðnæmdist hópurinn og ég settist á stein. Ég rétti frá mér veika fótinn og virti hann fyrir mér. Ég sa að miðtán var bólgin mjög, rauð og öll í sárum og fleiðrum. Sársaukinn gekk mér að hjarta og ég stundi og veinaði við hvert andartak. Ég kveið fyrir að halda áfram, en ég vissi, að það yrði ég að gera að lítill stundu líðinni.

Nú kom til míni kona nokkur og staðnæmdist hjá mér. Mér þótti við vera staddir nálægt einhverju eyðimerkurþorpi, og að hún hefði komið þaðan. Konan fór að tala við mig, en ég var heldur við-skotaillur. Konan sagði: „Hvað er að þér? Pú vilt varla tala við mig.“ Ég þóttist svara: „Pú ættir heldur að skoða á mér fótinn.“ Konan laut niður og skoðaði á mér fótinn. „Táin er illa farin“, sagði hún, „en hvað get ég gert?“ Ég mælti: „Ég bið þig að fara og sækja smyrslí og umbúðir og búa um tána. Ég held þetta ekki lengur út, án þess að mér verði hjálpað.“

„Þetta skal ég gera“, mælti konan og svo hljóp hún af stað. Ég sat eftir og sársaukinn náði aftur tökum á mér. En nú hafði ég von um, að mér yrði hjálpað, svo að ég gæti haldið áfram, án þessara sáru þrauta.

Draumurinn varð ekki lengri og ég vaknaði. En þótt ég væri kominn til eigin vökuvitundar, þá fann ég samt sársauka í miðtá hægri fótar, rétt eins og í draumnum. En þessi tilfinning hvarf mér skjótt.

Til mun vera það ástand, að vakandi maður hafi þrautir í líkama

sínum, sem stafa af sambandi hans við einhvern þjáðan mann, í fjarlægð. Læknar þekkja ekki enn frumorsök þessara sjúkdóma, og er þetta kallað móðursýki, eða öðrum nöfnum. Stundum eru þessir sjúkdómar langvarandi og illa gengur að lækna þá. Myndi þó hægara um vik að lækna þá, ef orsökin væri þekkt.

Stilliáhrif.

Ég vil geta þess, að kvöldið áður en mig dreymdi þennan draum, sem hér var sagður, var ég á samkomu nokkurri, þar sem ræðumaður sagði frá þætti úr kvíkmynd um Ben Húr, þar sem leið lá yfir eyðimörk og síðan staðnæmst við vatnsból hjá þorpi einu, en Ben Húr, sem var aðframkominn af þorsta, fékk þar svaladrykk og hresstist við. Maðurinn sagði frá þessu á áhrifamikinn hátt, og efast ég ekki um, að frásögnin hafi snortið áheyrendur djúpt. Mér þykir því líklegt, að stilliáhrif frá þessum hópi manna hafi valdið því, að mig dreymdi einmitt á þennan hátt. Vegna stilliáhrifa hef ég í draumnum komist í samband við þjáðan mann á ferð um eyðimörk, þar sem svo hagaði til, að að var í nágrenni þorps, og hinn þjáði draumgjafi minn átti von á hjálp og styrk, til að geta haldið áfram för sinni.

Stilliáhrif frá samferðamönnum okkar munu eiga mikinn þátt í að móta eða stuðla að þeim draumsamböndum, sem við fáum hverju sinni, og væri ekki lítilsvert, ef menn vildu veita þessum þætti meiri athygli, en enn er algengt. Myndi það auðvelda hverjum einum réttan skilning á eðli drauma og draumsambanda.

Ingvar Agnarsson

(Dreymt 13. mars 1979).

Draumur um skegg

I.

Mig dreymdi að ég þóttist staddir vera inni í húsi, í stóru herbergi. Maður kom til míni og mælti á þessa leið:

„Ég ætlaði varla að þekkja þig. Þú ert kominn með svo mikið skegg.“

Ég þóttist svara:

„Já, ég hef látið mér vaxa skegg síðustu vikurnar og ég kann bara vel við það.“

Ég þóttist skilja, að eldgos þetta myndi brátt valda óáran og erfiðleikum. Draumurinn var svo ekki lengri.

Svo gekk ég að stórum spegli, sem þar var á vegg, og athugaði útlit mitt, að því er varðaði skeggið. Það var á öllu skeggstæðinu, ljóst á lit, svo sem hálfur til heill sentimetri, jafnvaxið allsstaðar. Draumurinn var ekki lengri.

II.

Margir halda því fram, að draumar eigi við eigin persónu eða reynslu dreymandans. En sjaldnast er svo, ef vel er að gáð, eða jafnvel aldrei. Framansagður draumur staðfestir það álit, því aldrei hef ég látið mér vaxa skegg í þeim mæli, sem í draumnum var að sjá. Það getur því ekki hafa verið mitt eigið andlit, sem ég sá í draumnum, heldur andlit einhvers annars manns, draumgjafa, sem ég hef fengið samband við, á þeirri stundu, sem mig var að dreyma, og sá maður hefur þá verið vakandi.

Draumar eru ævinlega að einhverju leyti frábrugðnir því, sem við þekkjum úr vöku. Um þetta gætu allir sannfærst, sem nógú vandlega vilja rifja upp og athuga drauma sína.

Ingvar Agnarsson
(Dreymt 20. maí 1979).

Skyjabólstrar frá eldgosi. — Draumur

Mig dreymdi, að ég væri úti staddur, og horfði til fjalla. Mjög há, tindótt fjöll gnaefðu við himin í eina átt, og virti ég þau fyrir mér um stund. En nú tók ég eftir því að dökkan sortabakka dró upp á himinin. Hann hækkaði óðum og áður en á löngu leið, hafði hann hulið hálfan himinin. Stóð nú brún þessa sorta beint yfir höfði mér, hátt í lofti en hinn helmingur himins var heiður og bjartur og alveg án skýja. Sortinn mikli, sem breiddist svo óðfluga yfir himinhelfinguna, var allur í þéttum bólstrum, og var mikil iðandi hreyfing eða ólga í hverjum bólstra. Allur var sorti þessi rauðbrúnn á að sjá.

Ég þóttist spyrja einhvern, sem nálægt mér stóð, hvað þetta gæti verið. En hann svaraði: „Pessi reykur mun stafa af eldgosi geysimiklu. Eldfjallið er svo langt í burtu, að það er langt handan við sjóndeildarhring. En reykjarmökkurinn breiðir sig yfir stór svæði og hér mun hann hylja himin að fullu innan skamms“.

II.

Pess má geta, að kvöldið áður hafði á fundi í Varmalandi verið sagt frá áhrifamíklum eldgosadraumum og orðið nokkrar umræður um þau mál.


Hugsanlega gætu stilliáhrif frá þeim umræðum hafa haft áhrif á draumsambönd mína og því hafi draumsýn mína einmitt orðið sú, sem nú var af sagt.

*Ingvar Agnarsson
(Dreymt 27. júlí 1981).*

Draumsýn — fjall

Mig dreymdi að ég stæði allhátt í fjalli og horfði yfir haf og land. Voru fjöll fjær og nær, en augu mína staðnæmdust brátt við eitt þessara fjalla og fór ég að virða það fyrir mér, allnákvæmlega. Það var hátt, svo nema myndi nokkur hundruð metrum og þverhnípt í sjó niður. Á einum stað gekk eins konar vogur inn í fjallið og voru klettabríkur sitt hvorum megin við þennan vog. Pótti mér hvít sandfjara vera innst í þessum vogi. Vogurinn og umhverfi hans, sem og fjallið í heild, fannst mér vera fagurt að horfa. — Draumsýn þessi stóð aðeins skamma stund.

*Ingvar Agnarsson
(Dreymt á Nýársnótt 1981).*



Sambandsfundir

Fyrir miðilsmunn

76. Vissulega er lítill framgangur sannleikans á jörð ykkar og það er þetta, sem einkennt hefur nægilega hugsun, hún hefur verið metin minnst sú hugsun sem mest er um vert.

11. 8. '80.

77. Það væri merkilegt rannsóknarefnni vísindamanna að kanna það, hvernig farið hefur verið með ýmsar kennningar sem hann, Kristur, boðaði mannkyni. Hvaða óskapnaður hefur sprottið upp í kring um þær kennningar í ýmsum löndum. Og ekki er hægt að ætla, að það sé í samræmi við hinar guðlegu verur.

Það þarf að rofa hér til á sviði trúarbragðanna. Vísindi komi þar til sögunnar og hreinsi til.

Pó í trúarbrögðunum sé margt fagurt og háleitt, þá er þar ekki orðið nægilega bjart til að rata rétta leið.

(Dungal) 11. 8. '80.

78. Á stjörnum eins og ykkar, þar hafa þessir guðir miklu öflugri og merkilegri en trúarbrögðin ræða um, haft áhrif á einstaklingana og þeir hafa getað lyft þeim á hærra stig en þekkst hefur á þeim hnöttum.

Að vísu er sambandsorkan háð sérstökum lögmálum og hinar guðlegu verur verða að beita sérstökum aðferðum til að ná tökum á útjöðrum tilverunnar. Já, þetta eru guðir á miklu hærra stigi en trúarbrögðin hafa nokkurt veður af, er gera nú tilraunir til björgunar heimshverfa.

(Dungal) 11. 8. '80.

79. Fræðimenn eru miklir hér á mínum hnetti merkilegir og ég hlusta á þá tala og fræða fólkid þannig, að framfarir miklar verða í þekkingarefnum hjá fjöldanum og hér eru fræðslu- og menntastofnanir margar, og áhersla lögð á ýms vísindi.

4. 8. '80.

80. Á ég við framgang þessa máls þar sem jörðin er, réttan skilning á lífsambandinu og líforkunni.

7. 7. '80.

81. Petta er það sem öllu máli skiptir, að hugsunin sé rétt.
1. 9. '80.

82. Er það ekki fjarri lagi, að við getum tekið þátt í skynjunum jarðarbúa með ýmsum hætti ef við stefnum að því.
7. 7. '80.

83. Hér er ástin í blóma. Kærleikurinn milli kynjanna það sem hvað fegurst er. Enginn unir sér einn er til lengdar lætur og ástin er leiðin til æðstu fullkomnunar, hin sanna ást.

Lífafl kynjanna samstillist í ástinni. Það eflir hvort annað, stillir til fullkomnari sambanda upp á við.

(Hallgrímur Pétursson) 21. 7. '80.

84. Konurnar hjálpa okkur karlmönnunum, stjórna okkur hérna.
4. 8. '80.

85. Það skiptir mestu máli, að það þroskist á jörðinni vitsmunaverur, sem geta komið því fyrir sig með hugsuninni einni að fótfesta sig á öðrum sólhverfum.

(Sjá 33) (Björn Gunnlaugsson)
8. 10. '79.

86. Skúli fógeti: Ég sendi allri þjóðinni heillaóskir og kveðjur. Framliðinn íbúi annars hnattar. Petta þurfa Íslendingar að átta sig betur á, hverjir sambandsmöguleikar geta skapast ef þeir með einhug og einbeitingu samstilla til móttöku áhrifanna, sem framliðnir vilja þeim senda. Annars er vandi að samstilla heila þjóð til þess að vel sé. En þessu vildi ég beina til Íslendinga, að þeir eru, þó fáir séu, færir um að taka öðrum þjóðum fram í sambandsmálum. Til þess þarf einungis andlegt sjálfstæði í nægilega ríkum mæli.

15. 9. '80.

87. (Samband við áhöfn fljúgandi disks?)

Við erum hérna bræður, Geirmundur heljarskinn og Hámundur heljarskinn. Við höfum haft það gott, því að við höfum ekki verið lengi kyrrir í sama stað, því að við vorum fæddir til þess að leita fyrir okkur og við höfum haft tækifæri til þess að leita vel fyrir okkur, því að það má segja . . .

9. 4. '79.

Geirmundur heljarskinn og Hámundur heljarskinn hafa verið í landaleit og meira en það, því þeir eru búinir að vera í stjörnuleit voðalega lengi. Þeir nota ekki dagatal í þessari stjörnuleit. Og þeir hafa fengið tækifæri, Geirmundur heljarskinn og Hámundur heljarskinn, að skoða fagrar stjörnur og lífið á öðrum stjörnum. Og sumstaðar er það svo mikið dásamlegt. En þeir sneiða hjá þeim stjörnum, þar sem er í niðurlægingu. Þeir verða að endurgjalda það. Vitið þið með hverju. Þeir verða að endurgjalda það með því að fara á þá staði, sem eru í niðurlægingu og reyna að vísa þeim, sem eru þar, rétta leið og með því móti þá ná þeir ennþá meiri þroska. (Halldór Vigfússon tók upp).

(Miðill: Eggert Loftsson) 9. 4. '79.

88. Ég er staddur þessa stundina á minni fögru framlífsjörð á mjög fögrum stað hátt í fjallshlíð. Virði ég fyrir mér landslagið. Það eru tignarleg fjöll hér. Ákaflega fagur gróður svo furðu geginir. Það eru hér margar tegundir dýra og jurta. Mjög skemmtileg við-kynninga. Allt er þetta gætt meira og öflugra lífi en þekkist á gömlu jörð. Það þykir mér gaman að skoða fjöllin hér. Það sem þar ber fyrir augu míni og eyru er margt fróðlegt og skemmtilegt. Það eru hér borgir fagrar og miklar, þar sem menning er á háu stigi og glæsileiki stórkostlegur, hvar sem litið er. Ekki er annað hægt en undrast fólkvið, er borgir þessar hefur skapað og í þeim býr.

(Magnús Jónsson) 18. 8. '80.

89. Pannig á að reyna að fá fólkvið til að athuga með því að benda því á kenningar Helga Pjeturss. Athuga sjálft sína eigin meðvitund, sína draumareynslu og fleira. Það hjálpar mönnum til að skilja sambandið við aðrar stjörnur og nauðsyn þess að bæta það og fullkomna. Hvernig menn eru magnaðir í svefni til aukins lífs af utanaðkomandi orku. Þetta þarf hver maður að vita og skilja. Hvernig hægt er að efla þetta orkusamband margfaldlega og með því að sigrast á margvíslegu böli, sjúkdómum og eymd, er ég staddur á ákaflega fögrum stað hátt upp í fjallshlíð. Horfi hér yfir næsta nágrennið. Það má segja, að það blasi hér við borg í nokkurri fjarlægð, ákaflega glæsileg. Þar eru margir Íslendingar búsettir og þar hafa ýmsir eignast glæsileg hús.

(Runólfur Pétursson) 4. 8. '80.

Gunnar Hjörvar
(ritaði eftir segulbandsupptöku).

Verðskrá yfir Nýala

Verðskrá yfir Nýala dr. Helga Pjeturss. Útgáfan 1955.

NÝALARNIR allir, í skinnbandi, sex bindi, 1918 bls. Kr. 750,00

NÝALL, stakur, í skinnbandi, 515 bls.	Uppseldur	— 238,00
ENNÝALL, stakur, í skinnbandi, 275 bls.		— 113,00
FRAMNÝALL, stakur, í skinnbandi, 324 bls.		— 150,00
VIÐNÝALL, stakur, í skinnbandi, 146 bls.		— 76,00
SANNÝALL, stakur, í skinnbandi, 250 bls.		— 113,00
PÓNÝALL, stakur, í skinnbandi, 408 bls.		— 190,00

NÝALARNIR allir, í shirtingsbandi, 6 bindi, 1918 bls.	— 660,00
NYALL, stakur, í shirtingsbandi	Uppseldur — 192,00
ENNÝALL, stakur, í shirtingsbandi	— 89,00
FRAMNÝALL, stakur, í shirtingsbandi	— 113,00
VIÐNÝALL, stakur, í shirtingsbandi	— 60,00
SANNÝALL, stakur, í shirtingsbandi	— 76,00
PÓNÝALL, stakur, í shirtingsbandi	— 150,00

NÝALL, stakur, heftur	— 113,00
ENNÝALL, stakur, heftur	— 67,00
FRAMNÝALL, stakur, heftur	— 90,00
VIÐNÝALL, stakur, heftur	— 44,00
SANNÝALL, stakur, heftur	— 65,00
PÓNÝALL, stakur, heftur	— 113,00

ENNÝALL, stakur, heftur, frumútgáfa	— 45,00
(Örfá eintök eftir).	

Eins og sést á frámagreindum verðlista eru Nýalarnir enn til í heildum, í *skinnbandi*, en upplagið af þeim er mjög til þurrðar gengið.

Af öðrum Nýólum, stökum, sem nefndir eru í verðskránni, eru af sumum aðeins örfá eintök eftir en af öðrum meira.

Bækurnar eru til sölu hjá:

FÉLAGI NÝALSSINNA,
Álfhólsvegi 121 í Kópavogi, sími 40765.

Skriflegar pantanir má einnig senda í pósthólf 1159, Reykjavík.

Pessi verð gilda frá og með 1. október 1981.

Lífgeislar

Útgefandi. FÉLAG NÝALSSINNA

Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765, Pósthólf 1159, Reykjavík

Ritstjóri: INGVAR AGNARSSON

EFNISYFIRLIT:

ERINDI OG GREINAR:

Stjarnan okkar og aðrar stjörnur. (Sjá forsíðumynd).	
I. A.	Bls. 146
Lífernísfræði dr. Helga Pjeturss. I. A.	— 147
Lögmál samstillingarinnar. P. Þorsteinsson, lífefnafr.	— 156
Lögmál hreyfingarinnar, fyrsta lögmál Helga Pjeturss.	
Sambandsskynjun — Stjörnulíffræði. Sigurrós Jóh.	— 159
Til næstu sólhverfa. P. G.	— 160
Samræmi athugana. Þorsteinn Guðjónsson.	— 161
Frá góðum liðsmanni. Þorsteinn Guðjónsson. (Mynd).	— 162
Athugasemd. P. G.	— 164
Hraðboð um geiminn. Þorsteinn Guðjónsson.	— 165
Merk sýn. Sigurrós Jóhannsdóttir.	— 166
„Blómefld fjarskipti“ og sambandsheyrn Sigurrósar	— 167
Verið fullkomnir. I. A.	— 168
Um Skíðblaðni — hið furðulega skip Ása I. A.	— 169
Kenning Nýals: (Gunnar Hjörvar tók saman).	— 170

LJÓÐ:

Stjarnan. Hannes S. Blöndal.	— 171
-----------------------------------	-------

DRAUMAR:

Vanlíðan á ferð um eyðimörk. — Draumur. I. A. ...	— 172
Draumur um skegg. I. A.	— 173
Skýjabólstrar frá eldgosi. — Draumur. I. A.	— 174
Draumsýn. — Fjall. I. A. (Með mynd).	— 175

SAMBANDSFUNDIR:

Fyrir miðilsmunn. (Gunnar Hjörvar ritaði).	— 178
---	-------

MYR:

Til lesenda. I. A.	— 164
Um huldufólk og aðrar sýnir	